

**FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR
ARION BANKA HF.**

Aðalfundur Arion banka hf. var haldinn í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík miðvikudaginn 20. mars 2019 og hófst fundurinn kl. 16:00.

1. Setning fundar

Fundurinn hófst með því að Eva Cederbalk stjórnarformaður Arion banka hf. bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Tók hún fram að fundurinn yrði haldinn á íslensku, að innleggi hennar slepptu, sem yrði á ensku. Lagði hún því næst til að Ólafur Haraldsson hrl. yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Tók Ólafur þá við fundarstjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði því næst til að Guðfinna Helgadóttir, sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra, yrði kjörin fundarritari og var sú tillaga samþykkt. Tók fundarritari þá þegar við fundarritun.

Fundarstjóri upplýsti að 88 hluthafar eða fulltrúar þeirra af væru mættir á fundinn sem samtals færu með 1.166.511.083 atkvæðisbæra hluti eða 67,6% hlutafjár í Arion banka hf., hafi þá verið taldir með hlutir þeirra hluthafa sem greiddu atkvæði með rafrænum hætti utan hluthafafundar.

Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins. Tók hann fram að boðun fundarins hefði verið með nægilegum fyrirvara í samræmi við ákvæði 88. gr. a. laga um hlutafélög og ákvæði samþykkt bankans. Fundarboð hefði verið birt í upplýsingakerfi Nasdaq sem og á heimasíðu bankans þann 26. febrúar 2019. Þá hefði boðun til fundarins einnig verið birt í dagblaði hinn 27. febrúar 2019. Tillögur sem væru til umfjöllunar á fundinum ásamt skýringum við þær hefðu verið birtar á á vefsíðu bankans og í upplýsingakerfi Nasdaq, auk þess sem þær hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Enginn hreyfði við andmælum og lýsti fundarstjóri fundinn því lögmætan.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að fundurinn væri aðalfundur vegna ársins 2018.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá og tillögur:

1. Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta fjárhagsári
2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár
3. Ákvörðun um greiðslu arðs
4. Kosning stjórnar bankans
5. Kosning endurskoðunarfélags
6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra
7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans
8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
9. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans
10. Tillaga um lækkan hlutafjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

11. Tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum
12. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eigin fjár þáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum
13. Tillaga um breytingu á samþykktum
14. Önnur mál

Fundarstjóri lagði til að dagskrárliðirnir skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið starfsár, þ.e. liðir 1 og 2, yrðu teknir saman til umræðu eftir kynningu á ársreikningi. Enginn hreyfði andmælum við því og var tillagan því samþykkt. Fundarstjóri upplýsti jafnframt að ársskýrsla bankans og áhættuskýrsla bankans væru aðgengilegar á rafrænu formi á vef bankans.

1. Skýrsla stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðasta fjárhagsári

Eva Cederbalk, stjórnarformaður Arion banka, tók til máls og gerði grein fyrir skýrslu stjórnar um rekstur, starfsemi og hag bankans á síðastliðnu fjárhagsári. Var innlegg hennar flutt á ensku.

2. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, gerði grein fyrir ársreikningi bankans en hann lá frammi á fundinum.

Að lokinni ræðu bankastjóra gaf fundarstjóri hluthöfum tækifæri á að taka til máls í tengslum við ársreikning bankans og skýrslu stjórnar.

Enginn tók til máls og var ársreikningur bankans borinn upp til samþykktar og staðfestur einróma.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar bankans um að greiddur yrði út arður til hluthafa bankans að fjárhæð kr. 10.000.000.000. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að samkvæmt greinargerð með tillögunni yrði eiginfjárhlutfall bankans 22,0% eftir arðgreiðslu að fjárhæð kr. 10.000.000.000, sem væri vel yfir eiginfjárkröfum bankans.

Bar fundarstjóri því næst eftirfarandi tillögu til samþykktar:

Stjórn bankans leggur til að greiddur verði arður til hluthafa bankans sem nemur kr. 10.000.000.000. Arðgreiðslan mun jafngilda 5 krónum á hvern hlut.

Ef tillaga um arðgreiðslu verður samþykkt verður arðleysisdagur (e. ex-date), þ.e. sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf bankans án réttar til arðs, 21. mars 2019.

Arðsréttindadagur (e. record date) verður 22. mars 2019. Hluthafar tilgreindir í hlutaskrá bankans í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs.

Útborgunardagur (e. payment date) verður 29. mars 2019.

Fundarstjóri gaf hluthöfum tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að einn hluthafi sem færi með 8.160.377 hluti í bankanum, eða 0,70% af atkvæðisbæru hlutafé sem mætt væri fyrir á fundinum, hefði greitt atkvæði gegn tillögunni.

Tillagan var samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða.

4. Kosning stjórnar bankans

Fundarstjóri tók fram, að samkvæmt lögum og samþykktum bankans, bæri að kjósa stjórn á aðalfundi bankans.

Fundarstjóri tók fram að upplýsingar um frambjóðendur, sem veita ber samkvæmt í 63. gr. a laga um hlutafélag, þ.e. nafn, kt, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu verið birtar á vef bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans.

Þá kom fram í máli fundarstjóra að samkvæmt gr. 14.4 í samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í aðalstjórn bankans tilkynna um framboð sitt til stjórnar bankans eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Sex aðilar hefðu gefið kost á sér í aðalstjórn bankans, en samkvæmt gr. 14.1 í samþykktum bankans, skyldi stjórn bankans skipuð 5-8 mönnum.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í aðalstjórn bankans:

- Benedikt Gíslason
- Brynjólfur Bjarnason
- Herdís Dröfn Fjeldsted
- Liv Fiksdahl
- Renier Lemmens
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði yfirfarið framboðstilkynningar og lagt mat á óhæði frambjóðenda samkvæmt starfsreglum tilnefningarnefndar. Tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni, sem birt hafði verið í upplýsingakerfi Nasdaq og á heimasíðu bankans, lagt til að allir ofangreindir frambjóðendur yrðu kjörnir í aðalstjórn bankans. Jafnframt hefði tilnefningarnefnd lagt til að Brynjólfur Bjarnason yrði formaður stjórnar og Herdís Dröfn Fjeldsted varaformaður.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til stjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í aðalstjórn bankans. Brynjólfur Bjarnason sem formaður stjórnar og Herdís Dröfn Fjeldsted sem varaformaður.

Fundarstjóri tók fram að samkvæmt gr. 14.4 í samþykktum bankans skuli þeir sem hyggist gefa kost á sér í varastjórn bankans tilkynna um framboð sitt til varastjórnar eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir upphaf hluthafafundar. Þrjú aðilar hefðu gefið kost á sér í varastjórn félagsins, en samkvæmt gr. 14.1 í samþykktum bankans skyldi varastjórn skipuð allt að þremur mönnum.

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í varastjórn:

- Ólafur Örn Svansson
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

Í máli fundarstjóra kom fram að tilnefningarnefnd hefði yfirfarið framboðstilkynningar og lagt mat á óhæði frambjóðenda samkvæmt starfsreglum stjórnar. Tilnefningarnefnd hefði í skýrslu sinni, sem birt hafði verði í upplýsingakerfi Nasdaq og á heimasíðu bankans, lagt til að allir ofangreindir frambjóðendur yrðu kjörnir í varastjórn bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til stjórnar bankans hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í aðalstjórn bankans.

Í stjórn Arion banka sitja því nú:

- Brynjólfur Bjarnason (formaður)
- Herdís Dröfn Fjeldsted (varaformaður)
- Benedikt Gíslason
- Liv Fiksdahl
- Renier Lemmens
- Steinunn Kristín Þórðardóttir

og varamenn eru:

- Ólafur Örn Svansson
- Sigurbjörg Ásta Jónsdóttir
- Þröstur Ríkharðsson

5. Kosning endurskoðunarfélags

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar þess efnis að Deloitte ehf. muni halda áfram í hlutverki sínu sem ytri endurskoðendur bankans, í samræmi við ákvörðun aðalfundar 19. mars 2015, sbr. 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Enginn fulltrúi hluthafa óskaði eftir því að taka til máls um tillöguna. Fundarstjóri bar tillöguna upp til samþykkis fundarins og var hún samþykkt einróma.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna bankans og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar fyrir störf þeirra

Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu tilnefningarnefndar bankans um laun stjórnarmanna og varamanna í stjórn sem gerir ráð fyrir u.þ.b. 5% hækkun frá fyrra ári:

„Lagt er til að mánaðarlaun stjórnarmanna verði kr. 476.600, mánaðarlaun varaformanns verði kr. 714.800 en mánaðarlaun stjórnarformanns verði kr. 952.800. Stjórnarlaun varamanna verði kr. 241.400 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 476.600 á mánuði, ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði. Í tilviki erlendra stjórnarmanna skulu framangreindar tölur

vera tvöfaldar. Þar að auki verði heimilt að greiða þeim stjórnarmönnum sem sitja í stjórnarnefndum félagsins að hámarki kr. 190.600 á mánuði fyrir setu í hverri nefnd og formönnum stjórnarnefnda kr. 247.600 á mánuði.“

Borist hafði fyrirspurn frá Gildi lífeyrissjóði varðandi tillöguna. Var fyrirspurnin á ensku en hljóðaði svo í íslenskri þýðingu:

„Hvað varðar tillögu um að erlendir stjórnarmenn fái tvöfalda þóknun. Óskað er útskýringa á þessum fyrirhugaða mun. Hefur verið skoðað hvort slíkur munur, sem eingöngu byggist á þjóðerni, sé í samræmi við lög?“

Eva Cederbalk stjórnarformaður Arion banka hf. svaraði fyrirspurninni. Í svari hennar kom fram að það væri hlutverk tilnefningarnefndar bankans að leggja fram tillögu um þóknun stjórnarmanna á aðalfundi bankans. Tillagan byggðist á orðalagi fyrri ákvörðunar hluthafafundar bankans um sama efni og hefði hún ekki verið talin fela í sér brot gegn ákvæðum laga. Þá benti hún á að hluthafar bankans hefðu talið mikilvægt að í stjórn bankans sætu bæði íslenskir og erlendir einstaklingar með fjölbreytta þekkingu og reynslu. Launakjör stjórnarmanna erlendis væru frábrugðin þeim kjörum sem þekktust á íslenskum atvinnumarkaði. Erlendir einstaklingar hefðu ekki verið reiðubúnir til þess að taka sæti í stjórn bankans miðað við þau kjör sem almennt byðust stjórnarmönnum á íslenskum atvinnumarkaði.

Fundarstjóri gaf fulltrúum hluthafa tækifæri til að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls.

Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að allir hluthafa sem greitt hefðu atkvæði utan hluthafafundar hefðu greitt atkvæði með tillögunni.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Gildi lífeyrissjóður sat hjá við atkvæðagreiðslu um tillöguna.

7. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu bankans

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að V. kafla starfskjarastefnu bankans verði breytt þannig að kaflinn endurspegli að innan bankans sé í gildi kaupaukakerfi. Tillagan gerir ráð fyrir því að í kaflanum komi fram að bankanum sé heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum kaupauka á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórn samþykkir að fengnu áliti starfskjaranefndar og áhættunefndar stjórnar. Jafnframt að kaupaukakerfi skuli vera í samræmi við ákvæði laga og reglna um slík kerfi, m.a. um hámark kaupauka. Að öðru leyti er lagt til að starfskjarastefnan verði samþykkt óbreytt frá fyrra ári.

Fundarstjóri spurði hvort fulltrúar hluthafa óskuðu eftir því að starfskjarastefnan yrði lesin upp í heild sinni. Ekki var óskað eftir því. Fundarstjóri gaf því næst fulltrúum hluthafa tækifæri á að tjá sig um tillöguna.

Borist hafði fyrirspurn frá Gildi lífeyrissjóði varðandi tillöguna. Var fyrirspurnin á ensku en hljóðaði svo í íslenskri þýðingu:

„Samkvæmt starfskjarastefnu Arion hyggst félagið bjóða starfsmönnum samkeppnishæf laun til að geta haldið hæfum einstaklingum. Hvernig er stefnunni framfylgt í framkvæmd og hver

eru viðeigandi viðmið eða sambærileg fyrirtæki sem notuð eru til að meta viðeigandi laun til starfsmanna, einkum laun forstjóra?“

Eva Cederbalk stjórnarformaður Arion banka hf. svaraði fyrirspurninni. Í svari hennar kom fram að það væri stefna bankans að bjóða starfsmönnum sínum samkeppnishæf laun. Bankinn hefði hlotið jafnlaunavottun árið 2015 og árið 2018 hefði bankanum verið veitt heimild til þess að nota jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. Jafnlaunavottun fæli í sér staðfestingu á því að ákvarðanir um laun væru teknar á grundvelli hlutlægra viðmiða en ekki á grundvelli kyns starfsmanna. Í svari stjórnarformannsins kom einnig fram að við ákvörðun um laun yfirmanna bankans væri höfð hliðsjón af launum yfirmanna stærstu fyrirtækja hér á landi. Þá væri litið til menntunar, þekkingar, ábyrgðar o.s.frv. Við ákvörðun launa bankastjóra hefði stjórn bankans á undanförunum árum aflað álits utanaðkomandi ráðgjafa auk þess sem höfð væri hliðsjón af launum stjórnenda fyrirtækja sem skráð væru á skipulegum verðbréfamarkaði.

Enginn tók til máls og bar fundarstjóri tillöguna upp til samþykktar. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tólf hluthafar greiddu atkvæði gegn tillögunni en þeir fóru samtals með 121.037.445 hluti í bankanum eða 10,38% af atkvæðisbæru hlutafé sem mætt var fyrir á fundinum.

Tillagan samþykkt með meirihluta greiddra atkvæða

8. Kosning tveggja nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri gerði hluthöfum grein fyrir því að samkvæmt dagskrárlið 8 stæði til að kjósa tvo nefndarmenn í tilnefningarnefnd. Útskýrði fundarstjóri að samkvæmt samþykktum bankans og starfsreglum tilnefningarnefndar skyldi gefa hluthöfum bankans kost á að kjósa tvo af þremur nefndarmönnum í tilnefningarnefnd. Þriðji nefndarmaðurinn skyldi vera formaður stjórnar bankans eða annar stjórnarmaður sem skipaður yrði af stjórn bankans.

Fundarstjóri kynnti hluthöfum því næst nöfn frambjóðenda og voru þeir eftirtaldir:

- Christopher Felix Johannes Guth
- Sam Taylor

Í máli fundarstjóra kom fram að upplýsingar um frambjóðendur, nafn, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, stjórnarstörf, menntun, reynslu auk upplýsinga um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaðila og samkeppnisaðila bankans hefðu verið birtar á vef bankans, auk þess sem þessar upplýsingar hefðu verið aðgengilegar hluthöfum í höfuðstöðvum bankans. Þá hefði stjórn lagt mat á óhæði frambjóðenda og hefði niðurstaða þess mats verið birt á heimasíðu bankans.

Fundarstjóri tók fram að þar sem önnur framboð til tilnefningarnefndar hefðu ekki komið fram væru ofangreindir aðilar rétt kjörnir í tilnefningarnefnd.

Christopher Felix Johannes Guth og Sam Taylor voru því réttilega kjörnir nefndarmenn í tilnefningarnefnd.

9. Ákvörðun um þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd bankans

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um þóknun nefndarmanna í tilnefningarnefnd. Samkvæmt tillögunni væri gert ráð fyrir því að þóknun til nefndarmanna í tilnefningarnefnd yrði óbreytt frá því sem ákveðið hefði verið á hluthafafundi bankans 5. september 2018.

Bar fundarstjóri því næst eftirfarandi tillögu fram:

„Lagt er til að nefndarmenn í tilnefningarnefnd, þ.á m. formaður nefndarinnar, fái kr. 150.000 fyrir hvern setinn fund, þó að hámarki kr. 150.000 á mánuði ef um fleiri en einn fund er að ræða á mánuði og að hámarki kr. 900.000 á hverju almanaksári.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

10. Tillaga um lækkun hlutfjár til jöfnunar á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um lækkun hlutfjár til jöfnunar á eigin hlutum. Eigin hlutir bankans væru 186.160.995. Í ljósi þess að ekki væru uppi fyrirætlanir um ráðstöfun eigin hluta bankans væri lagt til að hlutfé yrði lækkað til hagsbóta fyrir hluthafa. Gerði fundarstjóri grein fyrir því að yrði tillagan samþykkt þá myndi hlutfé bankans lækka úr kr. 2.000.000.000 í kr. 1.814.000.000 að nafnvirði.

Fundarstjóri bar því næst eftirfarandi tillögu fram:

„Aðalfundur Arion banka hf., haldinn þann 20. mars 2019, samþykkir að lækka hlutfé bankans um 186.000.000 kr. að nafnvirði, eða sem nemur 186.000.000 hlutum, til jöfnunar eigin hluta, úr 2.000.000.000 kr. í 1.814.000.000 kr. að nafnvirði. Lækkunin nær aðeins til eigin hluta bankans, að uppfylltum skilyrðum laga.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir því að tillagan fæli í sér breytingu á ákvæði gr. 4.1 samþykkt bankans þannig að ef hún yrði samþykkt þá yrði fyrrnefnt ákvæði samþykkt bankans eftirleiðis svohljóðandi:

„Hlutfé bankans er kr. 1.814.000.000 – Einn milljarður áttahundruð og fjórtán milljón krónur.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að allir hluthafar sem greiddu atkvæði utan hluthafafundar hefðu greitt atkvæði með tillögunni. Enginn sat hjá.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Tillaga um heimild bankans til kaupa á eigin hlutum og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum og samsvarandi breytingu á samþykktum. Með tillögunni væri lagt til að stjórn bankans fengi heimild til endurkaupa í þeim tilgangi að koma á formlegri endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi. Markmið tillögunnar væri að setja fram með gegnsæjum hætti hvernig bankanum skuli vera heimilt að ráðstafa fjármunum til hluthafa, samhliða arðgreiðslustefnu bankans. Gerði fundarstjóri grein fyrir því að tillagan fæli í sér breytingu á samþykktum bankans þar sem bæta ætti heimildinni við sem viðauka við þær.

Fundarstjóri bar því næst fram eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur Arion banka hf. haldinn 20. mars 2019 samþykkir að veita stjórn bankans heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd bankans allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup bankans á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Framkvæmd endurkaupa á grundvelli heimildar þessarar er háð því skilyrði að fyrirframsamþykki Fjármálaeftirlitsins, samkvæmt a-lið 3. mgr. 84. gr. laga um fjármálafrirtæki, nr. 161/2002, hafi verið veitt.

Til að ná markmiði með framkvæmd endurkaupaáætlunar er stjórn bankans veitt heimild til að kaupa hluti í bankanum allt að 10% af hlutafé. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti bankans með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir.

Heimild þessi gildir fram að aðalfundi bankans árið 2020, en þó aldrei lengur en til 15. september 2020. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að allir hluthafar sem greiddu atkvæði utan hluthafafundar hefðu greitt atkvæði með tillögunni. Enginn sat hjá.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Heimild til útgáfu breytanlegra skuldabréfa viðbótar eigin þáttar 1 og samsvarandi breyting á samþykktum

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að stjórn yrði veitt heimild, á tímabilinu fram að aðalfundi árið 2020 til að taka ákvörðun um útgáfu skuldabréfa sem mynda viðbótar eigin fé þáttar 1. Slík skuldabréf myndu fela í sér skyldubundna breytingu í hluti við tilteknar aðstæður. Fram kom að

tillagan fæli í sér að eftirfarandi ákvæði kæmi í stað greinar 4.8 í samþykktum bankans og að ákvæði gr. 4.8 í samþykktum bankans félli alfarið brott:

Fundarstjóri bar því næst fram eftirfarandi tillögu:

„Aðalfundur veitir stjórn bankans heimild, á tímabilinu fram að aðalfundi bankans árið 2020, í eitt eða fleiri skipti, með frávikum frá hvers kyns forgangsrétti hluthafa, til að gefa út breytanleg skuldabréf að hámarki að fjárhæð kr. 20.000.000.000 eða samsvarandi fjárhæð í öðrum gjaldmiðlum, sem uppfylla kröfur sem viðbótar eigin fjár þáttur 1 samkvæmt 84. gr. b laga nr. 161/2002. Endanlegar lánsfjárhæðir og skilyrði umbreytingar skulu ákvörðuð þannig að heildarfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfa, á grundvelli þessarar heimildar, geti ekki orðið fleiri en 600.000.000 hlutir á þeim tíma sem viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfin eru gefin út. Hámarksfjöldi hluta sem heimilt er að gefa út við umbreytingu getur aukist samkvæmt skilmálum og skilyrðum viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfanna vegna hvers kyns útgáfu hluta á lægra verði en markaðsverði, útgáfu jöfnunarhluta, útgáfu áskriftarréttinda á lægra verði en markaðsverði, hvers kyns annarrar útgáfu fjármálagerninga til hluthafa í heild eða útgáfu annarra breytanlegra gerninga, umbreytingu breytanlegra gerninga annarra en viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfanna, skiptingar hlutafjár (e. share split), samruna, yfirtaka, arðgreiðslna í reiðufé eða með öðrum hætti eða sambærilegra félagaréttarlegra atburða. Viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfin skulu taka skyldubundinni umbreytingu í samræmi við skilmála og skilyrði viðbótar eigin fjár þáttar 1 skuldabréfanna, en geta ekki verið umbreytanleg að vali skuldabréfaeigenda. Stjórn skal ákveða alla aðra skilmála og skilyrði vegna útgáfu á grundvelli þessarar heimildar.“

Fundarstjóri óskaði eftir því að fært yrði til bókar að yrði tillagan samþykkt fæli hún í sér afsal hluthafa á forgangsrétti sínum.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Borist hafði fyrirspurn frá Gildi lífeyrissjóði varðandi tillöguna. Var fyrirspurnin á ensku en hljóðaði svo í íslenskri þýðingu:

„Stjórn bankans leggur til breytingu á samþykktum félagsins í tengslum við heimild til útgáfu allt að 600.000.000 hluta (33% hlutafjár) í tengslum við útgáfu breytanlegra skuldabréfa að hámarki fjárhæð kr. 20.000.000.000, sem mynda eigið fé þáttar 1. Væri hægt að fá leiðbeiningar um líklega skilmála slíkra bréfa og upplýsingar um hvernig réttur eða skylda til að umbreyta slíkum bréfum í hlutabréf myndu verða framkvæmd ef á reyndi? (þýðing úr ensku)“

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri, svaraði fyrirspurninni. Í svari bankastjórans kom fram að bankinn hefði allt frá fyrstu fundum með fjárfestum lagt áherslu á þá stefnu sína að auka hagkvæmni samsetningar eigin fjár bankans með það að markmiði að auka arðsemi eigin fjár. Þessu til samræmis hefði bankinn stefnt að því að gefa út vikjandi skuldabréf (e. Tier 2) og skuldabréf sem teljast til viðbótar eigin fjár þáttar 1 (e. Additional Tier 1). Vék bankastjórinn nokkrum orðum að skilyrðum laga varðandi

útgáfu slíkra skuldabréfa. Tók hann fram að bankinn hefði ekki að fullu lokið við skjalagerð vegna útgáfu skuldabréfanna en undirbúningur væri hafinn í samræmi við Fjármálaeftirlitið.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Átta hluthafar greiddu atkvæði gegn tillögunni en þeir fóru alls með 79.298.127 hluti í bankanum eða um 6,8% af atkvæðisbæru hlutafé sem mætt var fyrir á fundinum. Enginn sat hjá.

Tillagan var samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

13. Tillaga um breytingu á samþykktum

Fundarstjóri tók fram að fyrir fundinum lægi tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum bankans. Tillagan gerði ráð fyrir því að vi) lið greinar 13.2 í samþykktum bankans yrði breytt á þá leið að felld yrði brott tilvísun til þess að þóknun væri ákvörðuð fyrir komandi starfsár og orðalagið „fyrir störf þeirra fyrir komandi starfsár“ felld á brott. Gerði fundarstjóri grein fyrir því að hlyti tillagan samþykki myndi vi) liður samþykta bankans eftirleiðis vera svohljóðandi:

vi) Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna félagsins og laun nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.

Fundarstjóri gaf hluthöfum því næst tækifæri til að taka til máls um tillöguna.

Enginn óskaði eftir því að taka til máls. Var síðan gengið til atkvæða um tillöguna. Fundarstjóri gerði grein fyrir því að allir hluthafar sem greiddu atkvæð utan hluthafafundar hefðu greitt atkvæði með tillögunni.

Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

14. Önnur mál


Fundarstjóri spurði hvort stjórn bankans eða fulltrúar hluthafa kysu að bera upp önnur mál.

Brynjólfur Bjarnason, nýkjörinn stjórnarformaður bankans, óskaði eftir því að taka til máls. Brynjólfur þakkaði hluthöfum fyrir það traust sem nýkjörnum stjórnarmönnum var sýnt. Þá þakkaði Brynjólfur fráfarandi stjórnarmönnum fyrir þeirra störf í þágu bankans.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.


Að því loknu var óskað eftir samþykki fundarins fyrir því að fundarritari og fundarstjóri gangi frá fundargerð að fundi loknum og þá var það samþykkt að fundargerð skyldi ekki lesin upphátt í fundarlok í samræmi við 5. mgr. 90. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög, heldur hjá fundarritara fyrir þá sem þess óska.

Fleira gerðist ekki og sagði fundarstjóri fundi slitið kl. 17:33



Guðfinna Helgadóttir

Fundarritari



Ólafur Haraldsson, hrl.

Fundarstjóri

